

O.K Bón ehf.
Kársnesbraut 110
200 Kópavogur

Reykjavík, 11. júlí 2025
UOS2505260/B.B.B.
10.04.02

Niðurstaða eftirlits - Málslok

Umhverfis- og orkustofnun vísar til tölvupóstsamskipta sem hófust 22.05.2025 vegna yfirferðar á öryggisblöðum, m.t.t. ákvæða reglugerðar nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH) sem innleiðir reglugerð (EB) nr. 1907/2006 sama efnis, nánar tiltekið II. viðauka við REACH sem útlistar kröfur um samantekt öryggisblaða, fyrir ákveðnar vörur sem fyrirtækið O.K Bón ehf. er ábyrgt fyrir að setja á markað og/eða afhenda.

Málið hófst vegna eftirlits Heilbrigðiseftirlits Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness (HEF) með tilteknum efnavörum sem notaðar eru á tiltekinni bónstöð sem sætti eftirliti. Í ljós kom að annar aðili en bónstöðin var að flytja inn vörurnar og vísaði því HEF málinu til Umhverfis- og orkustofnunar til þóknanlegrar meðferðar þar sem stofnunin sér um framkvæmd efnalaga nr. 61/2013 og tilkynnti ábyrgðaraðila að málið hefði verið framsent.

Fyrirtækið hefur lagfært frávík sem fannst við skoðun öryggisblaðanna og sent staðfestingu þess efnis til Umhverfis- og orkustofnunar. Því gerir stofnunin ekki frekari athugasemdir og telst máli þessu því lokið.

Vakin er athygli á því að hér er eingöngu um að ræða eftirlit með öryggisblöðum tiltekinna vara og aðeins gerðar athugasemdir við þær vörur sem ábending barst um. Hugsanlegt er að aðrar vörur, sem O.K Bón ehf. setur á markað standist ekki kröfur efnalaga nr. 61/2013 eða reglugerða settra á grundvelli þeirra og þurfi þar af leiðandi lagfæringa við til að uppfylla þær.

Upplýsingar um öryggisblöð má finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar <https://ust.is/atvinnulif/efni/oryggisblod/>.

Fyrirtækinu er velkomið að leita til sérfræðings stofnunarinnar Bergdísar Bjarkar Bæringsdóttur varðandi öryggisblöð í síma 569-6000 eða gegnum netfangið bergdis.b.baeringsdottir@uos.is til að fá nánari upplýsingar.

Virðingarfyllt,

Bergdís Björk Bæringsdóttir,
sérfræðingur

Ísak Sigurjón Bragason,
teymisstjóri

Meðfylgjandi: Eftirlitsskýrsla